



## Dalvíkurskóli

## Heimilisfræði 5.- 6. bekkur

Námsþáttur	5. bekkur	6. bekkur	7-10. bekkur -heimilisfræði er valgrein
<b>Menningarläsi</b> (Eins fyrir allar list- og verkgreinar)	<b>Við lok 7. bekkjar getur nemandi (skv. Aðalnámsskrá grunnskóla bls. 142):</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>Útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd til afurðar.</li> <li>Hagnýtt leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni.</li> <li>Tekið tillit til annarra í hópvinnu og sýnt frumkvæði.</li> <li>Haft sjálfbærni að leiðarljósi í vinnu sinni.</li> <li>Beitt helstu tækni sem námsgreinin býr yfir.</li> <li>Gert grein fyrir menningarlegu hlutverki list- og verkgreina.</li> <li>Gert grein fyrir helstu hugtökum sem tengjast viðfangsefni hans.</li> <li>Sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði.</li> <li>Lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum.</li> </ul>		
Nemandi:	<ul style="list-style-type: none"> <li>Þjálfist í að lesa uppskriftir og tjái sig um þær.</li> <li>Þjálfist í að útbúa fjölbreyttar uppskriftir.</li> <li>Getur unnið í samvinnu við aðra og sýnt tillitsemi og frumkvæði.</li> <li>Læri um nýtingu og mikilvægi sparnaðar.</li> <li>Átti sig á mikilvægi umhverfisverndar í allri vinnu.</li> <li>Þjálfist í að nota helstu tæki sem notuð eru við matargerð.</li> <li>Læri um menningarlegt hlutverk heimilisfræði í gegnum umræður.</li> <li>Þekki helstu hugtök sem notuð eru í greininni.</li> <li>Læri að sýna ábyrgð og örugga umgengni í faginu.</li> <li>Geti tjáð sig um eigin verk með gagnrýnum augum.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Er fær um að lesa uppskriftir og tjái sig um þær með gagnrýnum hætti.</li> <li>Geti útbúið fjölbreyttar uppskriftir.</li> <li>Tekur tillit til annarra í hópavinnu og sýnir frumkvæði.</li> <li>Geri sér grein fyrir mikilvægi þess að geta útbúið ýmislegt með litlum kostnaði og mikilvægi umhverfisverndar í allri vinnu.</li> <li>Kunni að nota helstu tæki sem ætlast er til og þjálfist í notkun þeirra.</li> <li>Geti rætt um menningarlegt hlutverk fagsins.</li> <li>Skilur helstu hugtök sem tengjast viðfangsefninu, sjá kennslubók.</li> <li>Noti helstu hugtök sem tengjast greininni.</li> <li>Sýni ábyrgð og örugga umgengni í faginu.</li> <li>Ræði um eigin verk á gagnrýnn hátt.</li> </ul>	
<b>Matur og lífshættir</b>	<b>Við lok 7. bekkjar getur nemandi (skv. Aðalnámsskrá grunnskóla bls. 154-155):</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>Tjáð sig um heilbrigða lífshætti og tengsl þeirra við heilsufar.</li> <li>Tjáð sig um aðalatriði næringarfræðinnar.</li> <li>Farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi.</li> <li>Gert sér grein fyrir helstu kostnaðarliðum við heimilishald og sé meðvitaður um neytendavernd.</li> </ul>		
Nemandi:	<ul style="list-style-type: none"> <li>Átti sig á mikilvægi heilbrigðra lífshátta og heilsufars.</li> <li>Læri um aðalatriði næringarfræðinnar í gegnum umræður.</li> <li>Verði meðvitaður um mikilvægi hreinlætis við heimilisstörf.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Geti rætt um heilbrigði og góða heilsu</li> <li>Geti sagt frá hlutverki næringarefna og hvers vegna þau eru mikilvæg heilsunni.</li> <li>Geti gert grein fyrir hvers vegna hreinlæti er mikilvægt við heimilisstörf almennt.</li> </ul>	



	<ul style="list-style-type: none"><li>Taki þátt í umræðum um kostnað við heimilishald og leiðir til sparnaðar.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>Kynni sér kostnað við heimilishald og leiðir til sparnaðar og geti gert grein fyrir að hverju hann komst.</li></ul>	
<b>Matur og vinnubrögð</b>	<b>Við lok 7. bekkjar getur nemandi (skv. Aðalnámskrá grunnskóla bls. 154-155):</b> <ul style="list-style-type: none"><li>Matreitt einfaldar og hollar máltíðir og nýtt hráefni sem best.</li><li>Unnið sjálfstætt eftir uppskriftum og notað til þess algengustu mæli- og eldhúsáhöld.</li><li>Greint frá helstu orsökum slysa á heimilum og hvernig má koma í veg fyrir þau.</li><li>Nýtt margvíslega miðla til að afla upplýsinga er varða matreiðslu, næringarfræði og meðferð matvæla.</li></ul>		
Nemandi:	<ul style="list-style-type: none"><li>Þjálfist í að matreiða einfaldar máltíðir og nýti hráefni sem best með aðstoð.</li><li>Vinni eftir uppskriftum með lítilsháttar aðstoð og viti hvaða algengustu mæli- og eldhúsáhöld er best að nota.</li><li>Áttar sig á mikilvægi þess að fara varlega við heimilisstörfum til að koma í veg fyrir slys.</li><li>Kynnist margvíslegum miðlum til að afla upplýsinga er varða matreiðslu og meðferð matvæla.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>Geti matreitt ýmsar einfaldar máltíðir og nýtt hráefni sem best.</li><li>Vinni að mestu leyti sjálfstætt eftir uppskriftum og geti valið réttu mæli- og eldhúsáhöldin.</li><li>Áttar sig á mikilvægi þess að fara varlega við heimilisstörfum og veit um helstu slyshættur á heimilum.</li><li>Veit hvernig hann getur nýtt margvíslega miðla til að afla upplýsinga er varða matreiðslu, næringarfræði og meðferð matvæla.</li></ul>	
<b>Matur og umhverfi</b>	<b>Við lok 7. bekkjar getur nemandi (skv. Aðalnámskrá grunnskóla bls. 154-155):</b> <ul style="list-style-type: none"><li>Tengt viðfangsefni heimilisfræðinnar við jafnrétti og sjálfbærni og áttað sig á uppruna helstu matvæla.</li><li>Skilið og rætt mismunandi umbúðamerkingar, metið útlit og gæði matvæla og útskýrt hvernig á að geyma þau.</li></ul>		
Nemandi:	<ul style="list-style-type: none"><li>Taki þátt í umræðum um hvers vegna mikilvægt sé að bæði kynin sinni heimilisstörfum.</li><li>Kynnist mismunandi umbúðamerkingum og þjálfist í að lesa á þær með geymsluþol og gæði í huga.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>Geti rökrætt hvers vegna mikilvægt sé að bæði kynin sinni heimilisstörfum.</li><li>Læri um mismunandi umbúðamerkingar og þjálfist í að lesa á þær með geymsluþol og gæði í huga.</li></ul>	
<b>Matur og menning</b>	<b>Við lok 7. bekkjar getur nemandi (skv. Aðalnámskrá grunnskóla bls. 154-155):</b> <ul style="list-style-type: none"><li>Tjáð sig um ólíka siði og venjur, og þjóðlegar íslenskar hefðir í matargerð.</li></ul>		
Nemandi:	<ul style="list-style-type: none"><li>Læri um siði og venjur ólíkra landa.</li><li>Taki þátt í umræðum um lífnaðarhætti fyrr og nú.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>Kynnist ýmsum réttum frá mismunandi löndum og læri að útbúa þá.</li><li>Læri um gamlar geymsluaðferðir, s.s. reykingu, þurrkun, súrsun og söltun.</li></ul>	